



Aðalfundur Landsbankans

Skýrsla bankaráðs 4. apríl 2019

Aðalfundur Landsbankans 4. apríl 2019

Helga Björk Eiríksdóttir, formaður bankaráðs

Skýrsla bankaráðs

Kæru hluthafar og aðrir góðir gestir. Ég býð ykkur aftur velkomin á aðalfund Landsbankans og flyt ykkur nú skýrslu bankaráðs fyrir árið 2018.

Landsbankinn, eins og önnur fyrirtæki og almenningur í landinu, hefur notið góðs af hagstæðu efnahagsumhverfi síðustu ár. Undanfarið hefur þó ríkt töluverð óvissa um efnahagsmál, einkum eftir að flugfélagið WOW air hætti rekstri, en einnig vegna óvissu um niðurstöðu kjarasamninga. Þau ánægjulegu tíðindi bárust hins vegar í gærköldi að aðilar almenna vinnumarkaðarins undirrituðu kjarasamninga til 2022. Það ætti að draga verulega úr óvissunni.

Eftir langt tímabil kröftugs hagvaxtar samfara lágrí og stöðugri verðbólgu er útlit fyrir að hægja muni verulega á í hagkerfinu samhliða minni umsvifum í ferðaþjónustu í kjölfar gjaldþrots WOW air. Ekki er ólíklegt þetta leiði til þess að landsframleiðsla muni dragast saman á yfirstandandi ári sem yrði verulegur viðsnúningur eftir samfelldan hagvöxt undanfarin átta ár. Efnahagssamdrætti fylgir óhjákvæmilega aukið atvinnuleysi sem vonandi verður aðeins tímabundið ástand. Verðbólga hefur verið lítillega yfir verðbólguþröskulmarkmiði Seðlabankans frá því í júní í fyrra eftir að hafa haldist undir verðbólguþröskulmarkmiði samfleytt í rúmlega fjögur ár þar á undan. Verðbólguhorfur næstu misseri ráðast af stórum hluta af því hvernig gengi krónunnar aðlagast breyttum horfum í ferðaþjónustu og hins vegar hvaða áhrif nýir kjarasamningar hafa á rekstur fyrirtækja í landinu. Að mínu mati verður árið 2019 í senn viðburðaríkt og krefjandi. Við þessar aðstæður er gott að vita til þess að skuldsetning fyrirtækja og heimila er hóflegri en áður sem eykur líkur á því að áhrif af minnkandi hagvexti verði almennt mild. Það er mikilvægt að íslenska fjármálakerfið stendur traustum fótum og staða Landsbankans er sérstaklega sterk.

Rekstur og staða Landsbankans

Þá vil ég fjalla um rekstur Landsbankans en hann gekk afar vel á síðasta ári og árangurinn var góður á flesta ef ekki alla mælikvarða. Arðsemi bankans var góð, traust viðskiptavina og ánægja með þjónustuna óx. Á árinu gaf bankinn út fjölmargar nýjar stafrænar lausnir sem fengu góðar viðtökur hjá viðskiptavinum. Þar bar líklega hæst útgáfa Landsbankaappsins sem var nýlega valið app ársins.

Það er afar ánægjulegt að undanfarin ár hafa sífellt fleiri einstaklingar og fyrirtæki valið að beina viðskiptum sínum til Landsbankans. Þannig hefur markaðshlutdeild Landsbankans aukist jafnt og þétt og er sú mesta á landinu, fimmta árið í röð. Hlutdeild bankans á einstaklingsmarkaði mældist í árslok 2018 um 38% og 34% á fyrirtækjamarkaði.

Hagnaður bankans á árinu 2018 nam um 19,3 milljörðum króna, samanborið við um 19,8 milljarða króna árið 2017. Góður hagnaður segir þó ekki alla söguna. Það er t.a.m. sérstaklega eftirtektarvert að kostnaðarhlutfall bankans lækkaði á milli ára og var 45,5% í árslok sem er nálægt markmiðum bankans. Rekstrarkostnaður stóð nánast í stað á milli ára, í krónum talið, og er það til marks um að aðgerðir sem gripið hefur verið til í þeim tilgangi að lækka kostnað hafa skilað áþreifanlegum árangri. Áfram verður haldið á þessari braut. Annar mælikvarði á góðan rekstur er arðsemi eiginfjár eftir skatta sem var 8,2% á árinu 2018, sú sama og á árinu 2017, en langtímamarkmið bankans er að arðsemi af eigin fé verði 10%.

Lilja Björk Einarsdóttir, bankastjóri Landsbankans, mun í erindi sínu á eftir fjalla nánar um rekstur bankans á árinu 2018.

Arðgreiðslur og arðgreiðslustefna

Traustur og góður rekstur og hagstæðir vindar í efnahagslífinu á undanförunum árum hafa gert Landsbankanum kleift að greiða verulegar fjárhæðir í arð til hluthafa. Verði sú arðgreiðslutillaga sem nú liggur fyrir fundinum samþykkt munu arðgreiðslur bankans á árunum 2013-2019 nema um 142 milljörðum króna. Arðgreiðslurnar hafa nánast að öllu leyti runnið í ríkissjóð og þannig komið öllu samfélaginu til góða.

Á undanförmum tveimur árum hefur bankinn ekki aðeins greitt meirihluta hagnaðar fyrra árs í arð til hluthafa heldur hefur bankinn einnig greitt hluthöfum sérstakar arðgreiðslur. Tilgangurinn með þeim hefur verið að lækka eigið fé bankans og stuðla þannig að hagstæðari fjármagnsskipan. Þannig hefur eiginfjárlutfall bankans lækkað umtalsvert, eða úr 30,4% í 24,9%.

Bankaráð hefur nú samþykkt nýja arðgreiðslustefnu þar sem kemur fram að Landsbankinn stefnir að því að reglulegar arðgreiðslur til hluthafa verði að jafnaði hærri en sem nemur 50% af hagnaði fyrra árs. Einnig er stefnt að sérstökum arðgreiðslum til þess að auka hagkvæmni í fjármagnsskipan bankans eftir því sem tilefni er til. Við ákvarðanir um arðgreiðslur þarf sem fyrr að tryggja að bankinn viðhaldi sterkri fjárhagsstöðu til framtíðar.

Í samræmi við arðgreiðslustefnu bankans leggur bankaráð til við aðalfund að greiddur verði arður til hluthafa sem nemur 9,9 milljörðum króna. Greiðslan verði innt af hendi í tveimur hlutum; annars vegar í apríl og hins vegar í október. Arðgreiðslan samkvæmt tillögunni nemur um 51,5% af hagnaði ársins 2018.

Breytingar á þjónustu og samkeppni

Hlutverk Landsbankans er að vera traustur samherji í fjármálum og bankinn leggur mikla áherslu á að veita trausta og góða fjármálaþjónustu um allt land. Það gerir bankinn með ýmsum hætti, bæði frá höfuðstöðvum bankans, frá Fyrirtækjamiðstöðinni í Borgartúni og í útbúum og afgreiðslum bankans sem alls eru 37 talsins. Þá er stafræn þjónusta og sjálfsafgreiðslulausnir sívaxandi þáttur í þjónustu Landsbankans en það hefur sýnt sig að viðskiptavinir vilja geta lokið sínum bankaerindum sjálfir, í símanum eða tölvunni, hvar og hvenær sem er. Áhersla bankans á stafræna tækni skilaði á árinu 2018 mjög góðum árangri og er óhætt að tala um stórsókn í því samhengi. Góðar undirtektir viðskiptavina hvetja okkur áfram til enn frekari sóknar á þessu sviði.

Það dylst engum að miklar breytingar eru að eiga sér stað í fjármálaþjónustu, bæði með sífelld meiri hagnýtingu á stafrænni tækni en ekki síður vegna aukinnar samkeppni. Sú samkeppni kemur úr ýmsum áttum og nægir líklega að benda á samkeppni af hálfu lífeyrissjóða og nýjum fjártækni fyrirtækjum. En samkeppnin kemur líka frá útlöndum og er líklegt að sú samkeppni muni aukast á næstu árum.

Í þessu samhengi er þó ekki hjá því komist að minnst á þá sértæku skatta sem lagðir eru á bankakerfið á Íslandi. Eins og fram kom í Hvítbók um framtíð fjármálakerfisins sem gefin var út í árslok 2018 eru sértækir skattar á bankakerfið á Íslandi margfalt hærri en í nágrannalöndum okkar. Í Hvítbókinni er jafnframt bent á að fyrirhuguð lækun bankaskatts úr 0,376% af heildarskuldum í 0,145% mun skila álíka lækun í rekstrarkostnaði og ef starfsfólki stóru bankanna þriggja myndi fækka um 15% eða sem jafngildir 400 stöðugildum. Það er því ljóst að sértækir skattar hafa veruleg áhrif á getu bankanna til að bjóða viðskiptavinum betri kjör og skekkir samkeppnisstöðuna á fjármálamarkaði verulega.

Nýtt húsnæði Landsbankans

Landsbankinn hefur sett mikinn þunga í stafræna tækni undanfarin misseri til að auka skilvirkni og draga úr kostnaði. Breytingar á umhverfi bankans gera stafræn verkefni enn brýnni en áður. Annar mikilvægur liður í hagræðingaraðgerðum bankans er flutningur miðlægrar starfsemi í ný húsakynni en núverandi húsakostur bankans í miðborg Reykjavíkur er bæði óhagkvæmur og óhentugur. Nú er unnið að fullnaðarhönnun nýbyggingar Landsbankans á lóðinni við Austurbakka 2 í Reykjavík og er gert ráð fyrir að henni ljúki í árslok. Framkvæmdir vegna nýja hússins eru reyndar þegar hafnar því Landsbankinn tekur þátt í sameiginlegum framkvæmdum við gerð Reykjastrætis með öðrum lóðarhöfum á svæðinu. Búið er að bjóða út þá jarðvinnu sem eftir er á lóð bankans og stefnt er að því að bjóða út uppsteypu hússins í sumar. Gert er ráð fyrir að bankinn geti flutt starfsemi sína í húsið eftir um það bil þrjú ár.

Eins og áður hefur komið fram mun Landsbankinn nýta um 10 þúsund fermetra í nýja húsinu fyrir eigin starfsemi. Um 6.500 fermetrar verða seldir eða leigðir út. Við flutninga í nýtt húsnæði mun bankinn nýta um helmingi færri fermetra undir starfsemi höfuðstöðva en hann gerði þegar ákvörðun um byggingu hússins var tekin. Markmiðið með því að flytja í nýtt hús er að ná fram hagræðingu, auka skilvirkni og mæta kröfum um breytt vinnulag í fjármálaþjónustu. Verkefnið er brýnt og má benda á að þegar ákvörðun um bygginguna var tekin árið 2017 var áætlað að árlegur sparnaður við að flytja í nýtt hús næmi um 500 milljónum króna á ári.

Samfélagsábyrgð sé samofin starfsemi

Mikil umræða hefur undanfarið verið um kjör æðstu stjórnenda fyrirtækja sem eru að mestu eða að öllu leyti í eigu íslenska ríkisins. Bankaráð fjallaði um launakjör bankastjóra í ítarlegu svari sínu til Bankasýslu ríkisins en ég tel engu að síður rétt að fjalla stuttlega um þessi mál hér á aðalfundi.

Þegar auglýst var eftir nýjum bankastjóra í desember 2016 var ljóst að kjör bankastjóra Landsbankans myndu fljótlega færast frá kjararáði til bankaráðs. Þar með var einnig ljóst að laun bankastjóra myndu hækka, enda höfðu laun bankastjóra dregist langt aftur úr þeim launum sem greidd voru fyrir sambærileg störf á meðan ákvörðun um þau heyrðu undir kjararáð. Við ákvarðanir bankaráðs um launakjör, annars vegar í janúar 2017 og hins vegar í maí 2018, var í senn litið til starfskjarastefnu bankans og eigandastefnu ríkisins en einnig studdist bankaráð við álit óháðra ráðgjafarfyrirtækja.

Upplýsingar um laun bankastjóra voru birtar í ársreikningi bankans í febrúar síðastliðnum. Með þeim breytingum sem gerðar voru í mars munu laun bankastjóra Landsbankans, sem ákveðin voru í janúar 2017, hækka til samræmis við þá breytingu sem varð á almennri launavísitölu frá 1. júlí 2017 til 1. janúar 2019. En sú breyting er í samræmi við áherslur sem koma fram í nýrri starfskjarastefnu sem liggur fyrir þessum aðalfundi. Þar kemur jafnframt fram að: „Bankinn leggur áherslu á að starfskjör stjórnenda og annarra starfsmanna séu samkeppnishæf en hófleg og ekki leiðandi.“

Landsbankinn hefur áhrif á samfélagið og bankinn tekur samfélagslega ábyrgð sína alvarlega. Lögð er áhersla á að samfélagsábyrgð sé samþætt stefnumörkun bankans og hluti af kjarnastarfsemi hans. Á árinu 2018 voru teknar ýmsar mikilvægar ákvarðanir varðandi stefnumörkun bankans í samfélagsábyrgð.

Fyrst má nefna að ákveðið var að bankinn mun vinna að heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna með markvissum hætti. Lögð verður áhersla á þrjú markmið: Jafnrétti kynjanna, góða atvinnu og hagvöxt og ábyrga neyslu og framleiðslu.

Jafnréttismálin voru eins og oft áður í brennidepli. Bankinn og allt starfsfólk hans hóf þátttöku í Jafnréttisvísi Capacent á árinu 2018 og nú í mars hlaut bankinn lögbundna jafnlaunavottun. Bankinn styrkir auk þess ýmis samfélagsleg verkefni, efnilega námsmenn og er í margskonar samstarfi sem bætir samfélagið á einn eða annan hátt.

Landsbankinn hefur í nokkur ár gefið út sérstaka samfélagsskýrslu. Skýrslan í fyrra hlaut viðurkenningu Festu, Stjórnvísi og Viðskiptaráðs Íslands sem besta samfélagsskýrsla ársins. Samfélagsskýrsla fyrir árið 2018 er gefin út í dag, samhliða aðalfundi, og er hún aðgengileg á vef bankans.

Þá hlaut bankinn viðurkenningu sem fyrirmyndarfyrirtæki í góðum stjórnarháttum fyrir tímabilið 2017-2018. Viðurkenningin byggir á úttekt Deloitte á stjórnarháttum bankans.

Áhersla á trausta áhættumenningu

Bankaráð og stjórnendur bera ábyrgð á að þróa og innleiða trausta áhættumenningu, hvort sem hún snýr að fjárhagslegri áhættu eða háttsemi starfsmanna. Bankaráð hefur með reglubundnum hætti fjallað um og haft eftirlit með áhættumenningu bankans með tilliti til áhrifa hennar á fjárhagsstöðu, áhættutöku og skilvirka stjórnarhætti.

Innan bankans er unnið að því að auka skilvirkni innra regluverks. Samstarf milli starfseininga hefur markvisst verið aukið og stjórnendur bankans hafa nú betri heildarsýn yfir áhættu við stefnumótandi ákvarðanir. Þá hefur umgjörð fyrir breytingastjórnun verið eflað og ný stefna um hlítni við lög og reglur verið innleidd. Landsbankinn mun áfram vinna að því að bæta og efla áhættumenningu í þeim tilgangi að draga úr áhættu við rekstur bankans.

Frá síðasta aðalfundi hefur bankaráð haldið 24 fundi og undirnefndir bankans hafa fundað 32 sinnum. Tvær breytingar urðu á bankaráði á starfstímanum. Samúel Guðmundsson og Jón Guðmann Pétursson hættu í bankaráði og flyt ég þeim góðar kveðjur og þakkir frá bankaráði. Ég þakka bankaráðsmönnum, bæði aðal- og varamönnum, fyrir gott samstarf á undanförmu ári. Ég þakka sömuleiðis starfsfólki fyrir gott og árangursríkt samstarf. Þá þakka ég viðskiptavinum traustið og tryggingina við Landsbankann. Ennfremur hluthöfum og eftirlitsaðilum fyrir afar góð samskipti.

Takk fyrir.